

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 57 97. ár

Miðvikudaginn 19. maí 2004

Laust embætti

Embætti héraðsdómara, sem dómsmálaráðherra veitir, er laust til umsóknar.

Dómarinn mun eiga fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Embættið er veitt frá og með 1. september 2004.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, eigi síðar en 7. júní 2004.

Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar. Umsóknir þar sem umsækjandi óskar nafnleyndar verða ekki teknar gildar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
12. maí 2004.

(5589)

Stefnur

Dómstjórinn í Reykjavík,
Helgi I. Jónsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ólafur Sigurgeirsson hrl., Austurströnd 3, Seltjarnarnesi, að hann þurfi f.h. Lynette Jennifer Jones, kt. 271158-2039, Vífilsgötu 16, 105 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur gegn Franco Martinello fæddum þann 14. mars 1966 í Castel Fanco Veneto, Ítalíu, með síðasta þekkta heimilisfang: Via Borgo Padova 42, Castel Franco, Veneto, 3103 Treviso, Ítalíu.

Stefnukröfur: Stefnandi gerir þær kröfur, að henni verði með dómi veittur lögskilnaður við stefnda.

Fyrirvar: Undirritaður lögmaður Ólafur Sigurgeirsson hrl., Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi, rekur mál þetta fyrir stefnanda,

Málavextir: Aðilar þessa máls hittust á Ítalíu á miðju ári 1991 og kynntust þar náíð. Á þeim tíma bjó stefnandi í Svíþjóð, en stefndi bjó á Ítalíu. Dvaldi stefnandi hjá stefnda í þrjá mánuði, en þá fóru þau bæði til Svíþjóðar þar sem þau giftust þann 24. ágúst 1991. Þjuggu þau svo saman þar í 3 mánuði, en þá rann út dvalarleyfi stefnda. Fór hann þá aftur til Ítalíu, en stefnandi varð eftir. Að þremur mánuðum liðnum kom stefndi aftur og fékk dvalarleyfi í fimm mánuði og þjuggu þau saman þá mánuði í Svíþjóð. Þá fór stefndi aftur til Ítalíu og hefur stefnandi ekki heyrt frá honum síðan. Í mörg ár hefur hún árangurslaust reynt að grafa upp heimilisfang hans.

Stefnandi og stefndi eignuðust ekki saman eignir þann tíma, sem þau þjuggu saman og engin börn áttu þau saman.

Málsástæður: Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hún og stefndi hafi slitið samvistum í ársbyrjun 1992 vegna ósamlyndis og nú eru 12 ár liðin. Þannig eiga að vera uppfyllt skilyrði þau sem sett eru í 37. grein hjúskaparlaga nr. 31/1993 til þess að hægt sé að krefjast lögskiln-

Auglýsing

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 7. maí 2004.

Davíð Oddsson.

5509)

Ólafur Davíðsson.

Auglýsing

um deiliskipulag fyrir Ferjubakka II - Miðbær, Borgarbyggð

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreint deiliskipulag.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 19. maí 2004 til 16. júní 2004. Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofuna fyrir 30. júní 2004 og skulu þær vera skriflegar.

Borgarnesi, 10. maí 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

5535)

Auglýsing

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Grensásvegur 11.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grensásveg 11.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að byggð verði ein hæð ofan á núverandi tveggja hæða hús, byggð verði þriggja hæða nýbygging austan megin við núverandi hús, á milli húsanna verði tengibygging með inngangi fyrir bæði húsín. Tillagan gerir einnig ráð fyrir innkeyrslu á lóð frá Skeifunni inn í bílakjallara undir húsunum. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall heildarbyggingarmagns verði 1.55.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Álfsnes.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir urðunarstað á Álfsnesi á Kjalarnesi.

Þar sem tilkoma Sundabrautar skerðir rými til urðunar gerir tillagan m.a. ráð fyrir að nýta svæðið sem myndast milli núverandi urðunarstaðar og tengibrautar við Sundabraut, hinn eiginlegi urðunarstaður nær ekki vestur fyrir Sundabraut en gert yrði ráð fyrir að nýta mætti urðunarsvæði sem tapaðist vestan Sundabrautar sem tippsvæði fyrir jarðveg og hugsanlega grófgerðan úrgang t.d. gler.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 19. maí til og með 30. júní 2004. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 30. júní 2004.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 12. maí 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

5587)

Auglýsing

um tillögur að skipulagi þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum í Kelduneshreppi

1. Í samræmi við 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007.

Breytingarsvæði aðalskipulags er í norðurhluta Ásbyrgis, og samsvarar svæði í tillögu að deiliskipulagi sem kynnt er hér í sömu auglýsingu. Tilgangur aðalskipulagsbreytinganna er að gefa svigrúm til breytinga skv. deiliskipulagstillögunni.

Breytingar miðað við gildandi aðalskipulag Kelduneshrepps eru eftirfarandi:

- 1) Blandað svæði fyrir verslun/þjónustu og íbúðarbyggð sunnan þjóðvegar 85 minnkar úr 5,1 ha í 3,8 ha, staðsetning svæðisins breytist lítillega og landnotkun þess breytist í „verslunar- og þjónustusvæði“.
- 2) Norðurhluti Ásbyrgisveg­ar breytist og tenging hans inn á þjóðveg 85 fær­ist um 400 m til austurs, að verslun og þjónustu svæðisins.
- 3) Allt svæðið milli núverandi Ásbyrgisveg­ar og „Eyju“, sunnan þjóðveg­ar, þar sem er m.a. tjaldsvæði, verður skilgreint sem „opið svæði til sérstakra nota“.

2. Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum er hér auglýst tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis o.fl., innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, í norðurhluta Ásbyrgis.

Mörk svæðis sem deiliskipulagið nær yfir eru: Til norðurs þjóðvegur nr. 85 og til suðurs lína um 1 km frá honum, til vesturs „Eyjan“ og til austurs „Brún Ásbyrgis“.

Stærð skipulagssvæðis er u.þ.b. 0,64 km².

Í tillögunni er gert ráð fyrir aukinni þjónustu á svæðinu, einkum tengdri ferðaþjónustu og útivist í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum. Skilgreind eru tvö aðalsvæði: Svæði fyrir verslun og þjónustu annars vegar, og hins vegar opin svæði til sérstakra nota. Megináhersla er á:

- 1) Uppbyggingu á gestamóttöku, „Gljúfrastofu“ í núverandi útihúsum o.fl.
- 2) Uppbyggingu gistirýmis, hótels og 1-2 íbúðarhúsa er tengjast þjónusturekstrinum.
- 3) Stækkun á tjaldsvæði með aukinni þjónustu og allt að 8 smáhýsum.
- 4) Breytingu á aðkeyrslu inn á svæðið frá þjóðvegi 85.

Skipulagstillögunar verða til sýnis á skrifstofu oddvita Kelduneshrepps í Lindarbrekku frá 19. maí til 16. júní 2004. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar. Skriflegum athugasemdum um aðalskipulagsbreytinguna skal skila á skrifstofu oddvita Kelduneshrepps fyrir 9. júní nk. Athugasemdum vegna deiliskipulagstillögunnar skal skila á sama stað fyrir 30. júní. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunum. Þær athugasemdir sem gerðar voru við fyrri kynningu deiliskipulagstillög­unnar halda gildi sínu og þarf ekki að senda inn aftur.

Húsavík, 11. maí 2004.
Byggingarfulltrúi Þingeyinga,
Gaukur Hjartarson.

5586)

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hafnarfjörð miðbæ vegna Strandgötu 26 – 30“ í Hafnarfirði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 4. maí 2004 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hafnarfjörð miðbæ vegna Strandgötu 26 - 30“ í Hafnarfirði í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin felst í meginatriðum í því að fallið er frá ákvæði um sameiginlega uppbyggingu Strandgötu 26-30 og Fjarðargötu 13-15, lóðum og byggingarreitum er breytt til samræmis við það. Einnig er opnuð gönguleið milli húsanna.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, 1. hæð, frá 19. maí 2004 – 16. júní 2004. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Lilju Grétarsdóttur á umhverfis- og tækni-sviði Hafnarfjarðar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og tæknisviðs í Hafnarfirði, Strandgötu 8-10, eigi síðar en 30. júní 2004. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

Hafnarfirði, 12. maí 2004.
Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar.

5588)

Nauðungarsölur

Keflavík

Eftirtal­dar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, föstudaginn 18. júní 2004 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Baugholt 13, Keflavík	Baugholt 13 ehf.	Reykjanesbær	236.423

5539)

aðar. Stefnandi hefur verið búsett hér á landi í 2 ár, en það eru skilyrði þau sem sett eru í 2. tölulið 114. gr. hjúskaparlaga fyrir varnarþingi hér á landi.

Lagarök: Stefnandi vísar til 37. greinar og 2. töluliðs 114. greinar hjúskaparlaga nr. 31/1993 og einnig laga nr. 91/1991 3. töluliðs 91. greinar varðandi stefnubirtingarfrest.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram stefnu, skrá, hjónavígsluvottorð og útprentun frá skattayfirvöldum í Malmö, Svíþjóð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Franco Martinello, sem fæddur er á Ítalíu 14. mars 1966, en nú með óþekkt heimilisfang til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, er mál þetta verður þingfest í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní nk. kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola.

Verði ekki mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins, má við því búast, að útivistar­dómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er mánuður.

Reykjavík, 28. apríl 2004.
Helgi I. Jónsson dómstjóri.

(5477

Húsfélagið Skaftahlíð 4-10, kt. 681178-0159, Skaftahlíð 4, 105 Reykjavík

gerir kunnugt: að höfða þurfi mál fyrir héraðs­dómi Reykjavíkur á hendur Viðari Þórarinssyni, kt. 250766-2979, Skaftahlíð 10, Reykjavík.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 503.392 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þannig: af kr. 10.188 frá 1. mars 2003 til 1. apríl 2003, þá af kr. 40.376 til 1. maí 2003, þá af kr. 70.564 til 1. júní 2003, þá af kr.148.771 til 1. júlí 2003, þá af kr. 266.978 til 1. ágúst 2003, þá af kr. 385.185 til 1. september 2003, en þá af kr. 503.392 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti og dráttarvöxtum á málskostn­að frá 15. degi eftir dómsuppsögudag til greiðsludags sbr. framlagðan málskostnaðar­reikning. Þess er jafnframt krafist að dráttar­vextir leggist við höfuðstól kröfu og málskostn­aðar á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 12 mán­uðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Þá er þess krafist að staðfestur verði lögveðs­réttur fyrir þeim hluta kröfunnar sem gjaldféll frá og með 1. júní 2003, eða kr. 432.828 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þannig: af kr. 78.207 frá 1. júní 2003 til 1. júlí 2003, þá af kr. 196.414 til 1. ágúst 2003, þá af kr. 314.621 til 1. september 2003, en þá af kr. 432.828 frá þeim degi til greiðsludags, auk kostnaðar, í íbúð stefnda, á 1. hæð t.v. m.m., í þinglýsingarbókum merkt M-0101, í fasteigninni nr. 10 við Skaftahlíð í Reykjavík.

Fyrirsvar: Undirritaður lögmaður Ásgeir Björnsson hdl., kt. 250360-4529, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Stefndi er þinglesinn eigandi, ofangreindrar íbúðar í húsinu nr. 10 við Skaftahlíð í Reykjavík. Á stefnda hafa verið lögð húsgjöld og framkvæmdagjöld, sbr. framlagt yfirlit yfir ógreidda giróseðla frá Íslandsbanka hf. en bankinn hefur veitt stefnanda (húsfélaginu) þjónustu við innheimtu húsgjalda. Stefnandi byggir fjárkröfur sínar á framangreindu yfirliti og því að stefndi er félagi í húsfélaginu sem þinglesinn eigandi íbúðar-

innar. Af því leiðir að honum ber að greiða þau gjöld sem löglega hafa verið á hann lögð.

Þar sem ekki voru greidd gjöld fyrir tímabilið mars til september 2003, að báðum mánuðum meðtöldum, setti stefnandi kröfurnar í lögfræðilega innheimtu.

Höfuðstóll álagningar gjalda sundurliðast þannig:

Á gjalddaga	kr.
1. mars 2003	10.188
1. apríl 2003	30.188
1. maí 2003	30.188
1. júní 2003	30.188
1. júní 2003	48.019
1. júlí 2003	10.188
1. júlí 2003	108.019
1. ágúst 2003	10.188
1. ágúst 2003	108.019
1. september 2003	10.188
1. september 2003	108.019
Samtals	503.392

Stefnandi byggir lögveðskröfu sína á því að húsgjöldum fylgi lögveðsréttur allt að einu ári aftur í tímann frá upphafi lögsóknar. Rétt er að miða upphaf lögsóknar við stefnubirtingardag.

Inn á kröfuna voru greiddar kr. 70.000 hinn 27. júní 2003 og verður tekið tillit til þess við fullnaðaruppgjör hennar. Þar sem stefndi hefur ekki sinnt innheimtutilraunum stefnanda, frekar en að ofan greinir, er málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Stefnur hafa áður verið útgefnar sem hér segir:

Þann 13. nóvember 2003, til þingfestingar þann 11. desember 2003.

Þann 3. febrúar 2004, til þingfestingar þann 4. mars 2004.

Þann 2. apríl 2004, til þingfestingar þann 29. apríl 2004.

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hefur stefnuvottum ekki tekist að birta ofangreindar stefnur, með því að stefndi hefur ekki fundist fyrir á lögheimili sínu eða einhver til að móttaka stefnu fyrir hans hönd. Stefnandi er húsfélagið þar sem stefndi býr og er því öðrum íbúðareigendum eða skyldmennum íbúðareigenda óheimilt að móttaka stefnu með vísan til 3. tl. 82. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með því að stefnda er ekki að finna á lögheimili sínu og enginn sem hefur heimild til að taka við stefnu fyrir hans hönd og ekki er vitað um dvalarstað stefnda, verður birtingu skv. 85. gr. laga nr. 91/1991, ekki við komið og með því að upplýsinga verður ekki aflað um hvar birta megí stefnu eftir almennum reglum, þykir nauðsyn bera til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Helstu lagaákvæði og heimildir sem stefnandi bindur rétt sinn við: Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús, einkum 13. gr., 47. gr. og 56. gr. þeirra laga svo og almennum reglum kröfuréttarins.

Krafan um málskostnað er byggð á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað er byggð á lögum nr. 50/1988

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við III. kafla laga nr. 38/2001.

Varðandi stefnubirtingu byggir stefnandi á a lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Yfirlit yfir ógreidda gíróseðla.
4. Veðbókarvottorð.
5. Afrit stefnu.
6. Afrit stefnu.
7. Afrit stefnu ásamt birtingarvottorði.
8. Yfirlýsing stefnuvotts.
9. Afrit innheimtubréfs lögmanns.
10. Málkostnaðarreikning.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Viðari Þórarinssyni, kt. 250766-2979, Skaftahlíð 10,

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Bjarmaland 20, Sandgerði 5540)	Ingibjörg Bjarnadóttir	Hekla hf.	693.480
Bolafótur 9, iðnaðarhúsnæði, fnr. 209-2906, 224-3884, Njarðvík 5541)	Fasteignafélagið Bolafótur ehf.	Hús og ráðgjöf ehf.	1.142.063
Brekkustígur 40, fnr. 209-3090, Njarðvík 5542)	Trésmiðja Helga B. ehf.	Reykjanesbær	747.307
Faxabraut 41c, Keflavík 5543)	Ásgeir Árnason og Sigríður Jóhannesdóttir	Íbúðalánasjóður	122.582
Fífumói 3b, 0101, Njarðvík 5544)	Aðalsteinn Valdemarsson og Kristín Kristjánsdóttir	Íbúðalánasjóður	195.127
Fífumói 5c, Njarðvík 5545)	Ásta Bjarney Hámundardóttir	Reykjanesbær	115.243
Grænás 2a, fnr. 209-3332, Njarðvík 5546)	Guðrún Þórlaug Grétarsdóttir og Ragnar Magnússon	Olíuverslun Íslands hf.	229.790
Grænigarður 7, Keflavík 5547)	Halldór G. Guðmundsson og Inga Rut Ingvarsdóttir	Íbúðalánasjóður	299.564
Hafnargata 28, fnr. 209-4361, Keflavík 5548)	BioProcess Ísland hf.	Reykjanesbær	107.307
Hafnargata 34, fnr. 208-8031, Keflavík 5549)	Anna Jónína Guðmundsdóttir	Reykjanesbær	122.187
Hafnargata 34, fnr. 208-8033, Keflavík 5550)	Iða Brá Vilhjálmsdóttir	Reykjanesbær	214.526
Hafnargata 37, Keflavík 5551)	Ragnar J. Skúlason	Sparisjóðurinn í Keflavík	987.197
Háteigur 2, 0202, fnr. 208-8257, Keflavík 5552)	Sigríður Gunnarsdóttir	Íslandsbanki hf.	744.210
Heiðarból 29, Keflavík 5553)	Guðmundur Hreinsson	Íbúðalánasjóður	287.302
Heiðarhraun 30a, Grindvík 5554)	Einar Óðinn Hólm	Íbúðalánasjóður	43.678
Heiðarhraun 30c, Grindavík 5555)	Óli Stefán Flóventsson	Íbúðalánasjóður	105.127
Hlíðarvegur 36, Njarðvík 5556)	Anna Þórunn Sigurjónsdóttir og Friðrik Ingi Rúnarsson	Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	4.204.589
Kirkjubraut 3, Njarðvík 5557)	Vigdís Sigurjónsdóttir	Reykjanesbær	156.712
Kirkjubraut 7, Njarðvík 5558)	Þórlína Jóna Ólafsdóttir	Húsasmiðjan hf.	392.298
Kirkjuvegur 50, Keflavík 5559)	Hjördís Harðardóttir	Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., útibú 542 og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	1.681.228

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Kirkjuvogur 8, Höfnum 5560)	Alda Ladarat Martyakant	Reykjanesbær	109.099
Lindartún 7, Garði 5561)	Sævar Þór Ægisson	Og fjarskipti hf.	172.744
Lyngholt 19, efri hæð, Keflavík 5562)	Guðný Sigurrós Haraldsdóttir og Ólafur Böðvar Þórðarson	Íbúðalánasjóður og Reykjanesbær	169.737
Mávabraut 11, 0202, Keflavík 5563)	Guðni Arason	Íbúðalánasjóður	145.946
Mávabraut 12a, Keflavík 5564)	Kjartan Hafsteinn Kjartansson	Húsasmiðjan hf.	622.665
Melbraut 10, Garði 5565)	Hörður Ingi Gunnarsson og Krístrún Linda Jónasdóttir	Kristín Helga Magnúsdóttir	785.465
Réttarvegur 2, Höfnum 5566)	Reginn Bjarni Kristjánsson	Íbúðalánasjóður	65.884
Seljavogur 14, Höfnum 5567)	BioProcess Ísland hf.	Reykjanesbær og þb. BioProcess Ísland hf.	628.005
Sigrún GK-17, skipaskránr. 6991 5568)	Einar Björn Bjarnason	Svavar Þorsteinsson	1.521.363
Sjafnarvellir 15, Keflavík 5569)	Þórhallur Guðmundsson og Helen Antonsdóttir	Íbúðalánasjóður og Vátryggingafélag Íslands hf.	175.242
Sjafnarvellir 19, Keflavík 5570)	Halldór G. Guðmundsson og Inga Rut Ingvarsdóttir	Húsasmiðjan hf.	1.889.149
Smiðjuvellir 3, Keflavík 5571)	Spítukallinn ehf.	Og fjarskipti hf.	85.496
Suðurgata 28, efri hæð, Keflavík 5572)	Gunnlaug Hauksdóttir og Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Snorri G. Guðmundsson ehf.	1.380.326
Suðurgata 32, fnr. 209-5120, Sandgerði 5573)	Gunnlaugur Björgvinsson og Vilborg Rós Eckard	Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.	1.113.688
Suðurgata 6, 01-0101, Sandgerði 5574)	Guðmundur Reynir Jósteinsson	Kaupþing Búnaðarbanki hf.	3.265.882
Tjarnargata 31, mhl. 010102, Keflavík 5575)	Magnús Magnússon	Reykjanesbær	74.866
Keflavík, 10. maí 2004. Sýslumaðurinn í Keflavík, Jón Eysteinnsson.			

Reykjavík, til þess að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102, í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004, kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða og til að leggja fram gögn af sinni hálfu ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 4. maí 2004.
F.h. stefnanda,
Ásgeir Björnsson hdl.

(5494

**Íslandsbanki hf.,
kt. 550500-3530,
Kirkjusandi, Reykjavík,
vegna útibús nr. 528, kt. 421090-2899,
Stórhöfða 17, Reykjavík**

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Sæmundi Arnóri Sigurðssyni, kt. 240184-2149, Suðurholti 9, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 119.145 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, af kr. 114.425 frá 5. ágúst 2003 til 2. september 2003 þá af kr. 115.945 til 2. október 2003 þá af kr. 117.545 til 3. nóvember 2003 þá af kr. 119.145 til greiðslu-

dags auk málskostnaðar að skaðlausu, að mati réttarins, auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Málflutningsumboð: Jón Ármann Guðjónsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi er tilkomin vegna úttekta stefnda með VISA-greiðslukorti skv. framlögðum yfirlitum, en úttektirnar áttu sér stað á tímabilinu frá 18. júní 2003 til 17. október 2003. VISA-greiðslukortið sem er nr. 4741 5200 0005 5759 var útgefið þann 10. desember 2002 samkvæmt umsókn stefnda. Samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum VISA-kreditkorta er almennt færslutímabil frá 18. degi mánaðar til 17. dags næsta mánaðar að báðum dögum meðtöldum. Korthafi er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum sem berast á kort hans og þau fjölskyldukort sem hann hefur samþykkt útgáfu á. Korthafa ber að greiða úttektarskuld hvers tímabils að fullu í síðasta lagi 2. dag hvers mánaðar á eftir hverju úttektartímabili nema um sé að ræða almennan lokunardag banka og sparisjóða, en þá færist gjalddaginn til næsta afgreiðsludags. Að þeim tíma liðnum skulu greiðast dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Hinar umstefndu úttektir nema samtals að fjárhæð kr. 119.145, sundurliðast svohljóðandi:

<i>Á gjalddaga</i>	<i>kr.</i>
5. ágúst 2003	114.425
2. september 2003	1.520
2. október 2003	1.600
3. nóvember 2003	1.600
Samtals:	119.145

Innheimtutilraunir hafa eigi borið árangur.

Stefndi er með lögheimi að Suðurholti 9, Hafnarfirði en birtingavottorðið kom til baka áritað um að húsið stæði autt. Engar upplýsingar liggja fyrir hvar stefndi er búsettur nú. Er því stefnanda nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagarök: Stefnandi byggir málshöfðun sína á almennum reglum kröfuréttar um efndir skuld-bindinga og samningalögum nr. 7/1936. Krafa um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 38/2001.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 en krafa um virðisaukaskatt af honum er reist á lögum nr. 50/1988; stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til d. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram máli sínu til sönnunar: Reikningsyfirlit, umsókn um VISA-greiðslukort, útprentun úr þjóðskrá, birtingavottorð, dags. 18. nóvember 2003 og innheimtubréf, dags. 22. október 2003.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila sem og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjaness, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 23. júní 2004 kl. 9.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 7. maí 2004.
Jón Ármann Guðjónsson hdl.

(5511

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Kristín Edwald hdl., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, að hún þurfi að höfða mál fyrir hönd Snorra Geirs Steingrímssonar, kt. 010571-2949, Hraunbæ 94, Reykjavík, til ógildingar á tryggingarbréfi útgefnu 20. febrúar 1997.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf sem útgefið var í Kópavogi þann 20. febrúar 1997, af Neon þjónustunni ehf. til handhafa, að fjárhæð 959.339 kr., með veði í bifreiðinni MD 522 Toyota Landcruiser árgerð 1997.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveðst vera skráður eigandi bifreiðarinnar MD 522 sem ofangreint tryggingarbréf útgefið 20. febrúar 1997 hvílir á. Stefnandi kveður tryggingarbréfið hafa verið gefið út til tryggingar á skilvísri greiðslu tveggja víxla samtals að fjárhæð 959.339 kr. Víxlarnir hafi verið greiddir að fullu sbr. dskj. nr. 5. Frumrit tryggingarbréfsins sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og eftirgrennslan. Vegna þess hafi ekki verið unnt að afmá það úr veðbókum og sé stefnanda því brýn nauðsyn að fá það ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta því af bifreiðinni.

Lagarök: Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Sönnunargögn og áskilnaður: Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:

- 1. Frumrit ógildingarstefnu.
- 2. Skrá yfir framlögð skjöl.
- 3. Ljósrit tryggingarbréfs.
- 4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
- 5. Staðfesting Frjálsa fjárfestingarbankans dagsett 25. mars 2004.
- 6. Veðbandayfirlit.
- 7. Umboð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 10.00 fyrir hádegi, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðtryggingarbréfsins og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 29. apríl 2004.
Helgi I. Jónsson dómstjóri.

(5512

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Sparisjóðurinn í Keflavík, kt. 610269-3389, Tjarnargötu 12, 230 Keflavík.

Stefndu: Júlía Sigríður Olsen, kt. 310842-3469, Miklubraut 78, 105 Reykjavík og Helga Rósa Taylor, kt. 200544-4049, óþekkt heimilisfang og Rut Olsen, kt. 300954-2439, Vatnsnesvegi 36, 230 Keflavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Nökkvi Már Jónsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdar in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 884.456, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 14. apríl 2003 til greiðsludags og bankakostnað, kr. 23.770.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati matvæðis dóms. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Lýsing heimildarskjals:

- 1. Skuldabréf, útgefandi: Júlía Sigríður Olsen.
- 2. Aðalskuldari: Júlía Sigríður Olsen, kt. 310842-3469.
- Ábyrgðarmaður: Helga Rósa Taylor, kt. 200544-4049.
- Rut Olsen, kt. 300954-2439.
- 3. Útgáfudagur: 14. sept. 1998.
- 4. Upphaflegur kröfuhafi: Sparisjóðurinn í Keflavík.

- 5. Fjárhæð á síðasta gjalddaga: 867.359.
- 6. Upphafl. skilmálar: 180 gjalddagar með 1 mánaða millibili.
- 7. Vaxtaákvæði: Kjörvextir verðtr. sparisjóðslána.
- 8. Í vanskilum frá: 14. apríl 2003.
- 9. Innheimtustofnun: 1109, Sparisjóðurinn í Keflavík.
- 10. Tilvísun: 419319 / 419319.
- 11. Annað: Skuldabréf nr. 419319, upphaflegur höfuðstóll er kr. 1.205.000.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda

er byggð á skuldabréfi því er lýst er í heimildarskjali og lagt verður fram sem dskj. nr. 3. Upphaflegur höfuðstóll bréfsins er kr. 1.205.000. Eftirstöðvar þess, er það fór í vanskil þann 14 apríl 2003 voru kr. 876.640. Áfallnir samningsvextir þann dag voru kr. 7.817, og bankakostnaður kr. 23.770, eða samtals kr. 908.226, sem er stefnufjárhæðin. Þar sem stefnda, Júlía Sigríður, greiddi eigi afborgun né áfallna vexti á gjalddaga var skuldin gjaldfelld þann dag. Stefndu, Helga Rósa og Rut, hafa ábyrgst greiðslu skuldarinnar sem sjálfskuldarábyrgðarmenn.

Samkvæmt þjóðskrá býr Helga Rósa í Bandaríkjunum en ekki er vitað nánar um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum númer 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Bankakostnaðar er krafist í samræmi við gjaldskrá Sparisjóða, sem sett er með stoð í lögum nr. 43/1993, og stefndu hafa samþykkt að hlíta. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalið skjal til sönnunar kröfum sínum:

- 1. Skuldabréf m/sjálfskuldarábyrgð.

